

HS Veitur hf - Ársreikningur 31. desember 2021



Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2021 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 10. febrúar 2022.

Helstu atriði

Heildarhagnaður af starfsemi ársins 2021 var 949 m.kr. á móti hagnaði árið 2020 upp á 565 m.kr.

EBITDA var 3.238 m.kr. (40,2%) árið 2021 á móti 2.544 m.kr. (35,3%) árið 2020.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 31. desember 2021 er 48,0% en var 47,3% í ársbyrjun.

Veltufjárlutfall var 1,36 þann 31. desember 2021 samanborið við 1,47 í árslok 2020.

Hluthafar félagsins eru þrír og skiptist hlutafjäreign þeirra þannig 31.12.2021:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	49,80%
Suðurnesjabær	0,10%

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður af starfsemi ársins 2021 var 949 m.kr. á móti hagnaði árið 2020 upp á 565 m.kr. Helstu breytingar eru söluhagnaður fasteignar (150 m.kr.), aukning á tengigjöldum (93 m.kr.) og auknar tekjur af raforkusölu (527 m.kr.).

Tekjur hækkuðu um 11,9% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á árinu 2021 alls 8.063 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 4.236 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 2.413 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 676 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 738 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2020 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 7.203 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.708 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 2.328 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 642 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 465 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 217 m.kr. eða 4,4% á milli ára. Kostnaðarverð sölu nam 5.093 m.kr. árið 2021 (63,2% m.v. tekjur) á móti 4.876 m.kr. árið 2020 (67,7% m.v. tekjur). Meðal helstu rekstrarliða eru raforkuflutningur 1.235 m.kr. (15,3% tekna), kaup á heitu vatni 845 m.kr. (10,5%), orkukaup hitaveitu í Eyjum 226 m.kr. (2,8%), raforka vegna tapa í dreifikerfum 154 m.kr. (1,9%) og kaup á ferskvatni 79 m.kr. (1,0%). Alls nema þessir liðir þá 2.540 m.kr. eða 31,5% af tekjum.

Annar rekstrarkostnaður lækkar á milli ára um 2 m.kr. (808 m.kr. 2021 en 810 m.kr. árið 2020). Laun og launatengd gjöld lækka um 16 m.kr., skrifstofukostnaður lækkar um 11 m.kr. og sameiginlegar afskriftir hækka um 3 m.kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 1.033 m.kr. á árinu 2021 en voru neikvæð um 859 m.kr. á árinu 2020 eða alls hækkan á milli ára um 174 m.kr. Verðbætur langtímalána hækka um 153 m.kr., voru 588 m.kr. 2021 m.kr. á móti 435 m.kr. árið 2020. Vaxtagjöld lækkuðu um 2 m.kr., voru 472 m.kr. 2021 en 474 m.kr. 2020. Til viðbótar kemur lækkan vaxtatekna um 31. m.kr., voru 58 m.kr. 2020 en 27 m.kr. 2021.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 180 m.kr. árið 2021 á móti 94 m.kr. árið 2020. Tekið er fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti og var virk skattprósenta því 15,9% árið 2021 en var 14,3% 2020.

EBITDA ársins 2021 er 3.238 m.kr. (40,2%) á móti EBITDA 2.544 m.kr. (35,3%) fyrir árið 2020.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru fastafjármunir HS Veitna hf þann 31. desember 2021 bókfærðar á 28.605 m.kr. og hækkuðu um 340 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2021 námu alls um 1.460 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.100 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 288 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 73 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 1.309 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.040 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 176 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 93 m.kr. Aðrar fjárfestingar svo sem fasteignir, upplýsingakerfi og bifreiðar voru samtals 79 m.kr. á árinu 2021 en 501 m.kr. árið áður og síðan var seld fasteign fyrir 260 m.kr. og bifreiðar fyrir 20 m.kr.

Eigið fé HS Veitna hf nam 14.916 m.kr. þann 31. desember 2021 (eiginfjárlutfall 48%) en eigið fé í ársbyrjun var 14.466 m.kr. (eiginfjárlutfall 47,3%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 31. desember 2021 er sterk og horfur um rekstur þess góður. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og til að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Í áætlunum fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að fjárfestingar HS Veitna hf verði um 1.850 m.kr. Af fjárfestingunum eru 1.300 m.kr. í raforkukerfunum, 260 m.kr. í hitaveitukerfunum, 130 m.kr. í ferskvatnskerfunum og 160 m.kr. í öðrum fjárfestingum. Áætlað er að kaupa eigin hlutabréf fyrir 1.800 m.kr., afskriftir eru áætlaðar um 1.078 m.kr. og afborganir langtímaskulda 765 m.kr. Heildartekjur eru áætlaðar 8.080 m.kr., hagnaður 896 m.kr. og EBITDA 3.096 m.kr.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	2021	%	2020	%	Breyting milli ára
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	8.062.957	100,0%	7.203.051	100,0%	11,9%
Kostnaðarverð sölu	(5.093.117)	(63,2%)	(4.876.142)	(67,7%)	4,4%
Vergur hagnaður	2.969.840	36,8%	2.326.909	32,3%	27,6%
Annar rekstrarkostnaður	(808.253)	(10,0%)	(810.118)	(11,2%)	(0,2%)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	2.161.587	26,8%	1.516.791	21,1%	42,5%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1.032.691)	(12,8%)	(859.462)	(11,9%)	20,2%
Hagnaður af reglulegri starfsemi	1.128.896	14,0%	657.329	9,1%	71,7%
Niðurfelling langtímaskuldar	0	0,0%	0	0,0%	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.128.896	14,0%	657.329	9,1%	71,7%
Tekjuskattur	(180.061)	(2,2%)	(93.771)	(1,3%)	92,0%
Hagnaður ársins	948.835	11,8%	563.558	7,8%	68,4%

31.12.2021

31.12.2020

Efnahagsreikningur

Fastafjármunir	28.604.561	92,0%	28.265.104	92,4%	1,2%
Veltufjármunir	2.478.924	8,0%	2.326.806	7,6%	6,5%
Eignir samtals	31.083.485	100,0%	30.591.910	100,0%	1,6%
Eigið fé	14.916.426	48,0%	14.466.177	47,3%	3,1%
Langtímaskuldir	14.349.668	46,2%	14.544.091	47,5%	(1,3%)
Skammtímaskuldir	1.817.392	5,8%	1.581.643	5,2%	14,9%
Skuldir og eigið fé samtals	31.083.486	100,0%	30.591.911	100,0%	1,6%

Kennitölur

EBITDA	3.237.953	40,2%	2.544.056	35,3%	27,3%
Veltufjárlutfall	1,36		1,47		(7,3%)
Eiginfjárlutfall	48,0%		47,3%		1,5%

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.